

Allsherjar- og menntamálanefnd
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

10. mars 2023

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 (réttur til umönnunar), mál 79.

Bandalag háskólamanna (BHM) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á barnalögum. Lagt er til að við 2. mgr. 28. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: „Veikt eða slasað barn skal eiga rétt á umönnun foreldra.“

BHM styður efni þessa frumvarps.


Hugtakið barn er ekki skilgreint með beinum hætti í barnalögunum en miðað er við þá skilgreiningu sem kemur fram í 1. gr. laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins þar sem barn er almennt talið hver sá einstaklingur sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Sú skilgreining á sér einnig samsvörun í lögræðislögum nr. 71/1997, en skv. 1. gr. þeirra verða menn lögráða 18 ára. Í 28. gr. þeirra laga kveðið á um að barn eigi rétt á forsjá foreldra sinna, annars eða beggja, uns það verður sjálfráða og eru þeir forsjárskyldir við það.

Í athugasemdum með frumvarpinu er bent á mikilvægi þess að samræmi sé á milli réttinda barna annars vegar og möguleika foreldra hins vegar til að sinna veikum börnum hins vegar. BHM tekur undir þetta enda vandséð að réttindi barna til umönnunar í veikindum verði tryggð með öðrum hætti. Í kjarasamningum er hverju foreldri tryggður réttur til launaðrar fjarveru frá vinnu í 12 vinnudaga á hverju almanaksári vegna veikinda barna en sá réttur takmarkast hins vegar við börn undir 13 ára aldri. BHM hefur lagt áherslu á að þessi réttur verði útvíkkaður þannig að hann nái til allra barna, þ.e. til 18 ára aldurs. BHM tekur því undir þá tillögu að þingsályktun sem lögð er fram samhliða frumvarpinu um skipan starfshóps sem fjalli nánar um réttindi foreldra á vinnumarkaði.



Friðrik Jónsson
Formaður BHM

Virðingarfyllst,



Ingva Sverrisson, sérfræðingur í kjara- og réttindamálum

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík 14. mars 2023

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 (réttur til umönnunar). Þingskjal 79 – 79. mál. 153. löggjafarþing 2022-2023.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Berglind Sigmarsdóttir
Framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 (réttur til umönnunar).

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir tækifærið. Barnaheill sendu áður umsögn um sama mál og er hún nú send aftur og með viðbótarathugasemdum.

Réttur barnsins sjálfs tryggður

Barnaheill fagna því að frumvarpið eigi að tryggja barni sjálfu rétt til umönnunar foreldra, en slíkur réttur hefur hingað til aðeins verið tryggður óbeint með rétti foreldris til að annast barn sitt í veikindum eins og segir frá í greinargerð með frumvarpinu. Foreldrar njóta mismunandi réttinda á grundvelli vinnusamninga til umönnunar barna sinna. Það leiðir til þess að börnum er mismunað um umönnun foreldra sinna en slíkt brýtur gegn 2. grein Barnasáttmálans. Barnaheill áréttar því að samtökin styðja við að réttur barns til umönnunar foreldra verði festur í lög.

Skýringa er þörf

Hins vegar telja samtökin að skýra þurfi ákvæðið og hafa nánari umfjöllun um útfærslu í greinargerð. Mikilvægt er að skýrt verði kveðið á um hvernig réttur barns til umönnunar foreldra verði framkvæmdur og tryggður, þ.e. hver ábyrgist launamissi foreldris t.a.m. þegar barn þarfnast umönnunar í lengri tíma en foreldri hefur rétt til samkvæmt vinnusamningi? Hvernig á að tryggja að foreldri eigi rétt á leyfi frá störfum vegna réttar barnsins til umönnunar? Er um að ræða alla foreldra barns þegar til staðar eru stjúpfórelðrar t.a.m.?

Útfærsla réttarins

Barnaheill styðja því við að þingsályktunartillagan, sem í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um, um skipan starfshóps um útfærslu þessa réttar barns sem í frumvarpinu er lagður til að verði lögfestur, (sjá þingsályktunartillöguna: [96/153 þáttill.: skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn | Þingtíðindi | Alþingi \(althingi.is\)](#)) verði samþykkt.

Barnaheill telja jafnvel skynsamlegra að fara þá leið að biðja með að festa rétt barnsins í lög þar til ákveðið hefur verið hvernig eigi að framkvæma hann, þ.e. eftir að starfshópurinn hefur skilað af sér tillögum. (Sjá umsögn Barnaheilla um þingsályktunartillöguna hér: [153-595.pdf \(althingi.is\)](#)).

Eftir sem áður er afar mikilvægt að vinnu þessari verði flýtt eins og hægt er því mikilvægt er að losa börn og fjölskyldur þeirra undan áhyggjum og erfiðleikum við að finna leiðir til að annast börn í veikindum þeirra eða vegna afleiðinga slysa. Við núverandi aðstæður er börnum mismunað um umönnun foreldra á grunni stöðu foreldra á vinnumarkaði og á grunni fjárhagsstöðu. Úr því ber íslenska ríkinu að bæta hið snarasta.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í allri sinni vinnu.

Allsherjar- og menntamálanefnd
Alþingi, Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2023

Umsögn Foreldrajafnréttis um frumvarp til laga um barnalög (réttur til umönnunar), 79. mál.

Nú hafa sjö þingmenn úr stjórnarflokkum og stjórnarandstöðu lagt fram frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003 (réttur til umönnunar). Lögð er til sú breyting á lögnum að við 2. mgr. 28. gr. laganna bætist málslíðurinn: „Veikt eða slasað barn skal eiga rétt á umönnun foreldra.“ Í greinargerð frumvarpsins segir að réttur þessi sé í raun þegar til staðar en komi hvergi beint fram í lögum.

Félag um foreldrajafnrétti telur að með því að nota hugtakið „foreldri“ eingöngu um forsjárforeldra, sbr. greinargerð frumvarpsins, séu þingmennirnir að brjóta gegn Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálinn), en samningurinn var lögfestur á Alþingi með lögum nr. 19/2013. Vísar félagið þá sérstaklega til 2., 3., 5., 9. og 18. gr. alþjóðasamningsins.

Þá er hugtakanotkun í frumvarpinu ekki í samræmi við hefðbundna orðnotkun í íslensku máli og lögum á orðinu foreldri. Skráning á því hverjir teljast foreldri byggir m.a á fæðingartilkynningum, faðernisviðurkenningum, og dómum um faðerni. Skráningin byggir ekki á forsjá.

Félag um foreldrajafnrétti leggur því til að lagafrumvarpinu verði breytt þannig að ekki verði um villst að foreldrar án forsjár falli undir orðið „foreldrar“ í 2. mgr. 28. gr. nýrra laga verði þau samþykkt.

Vilji félagsins er að skýrt verði í athugasemdum við frumvarpið að hugtakið „foreldrar“ nái til beggja foreldra, því allir foreldrar eiga rétt til umgengni við börn síns samkvæmt Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, hvort sem þeir fara með forsjá eða ekki. Kemur þessi réttur einnig fram í barnalögum nr. 76/2003.

Afar mikilvægt er að nýtt ákvæði 2. mgr. 28. gr. barnalaga verði ekki túlkað þannig í framkvæmd að það nái aðeins til foreldra sem búa á lögheimili barna eða fara með forsjá, því umgengnisréttur barna og foreldra er óháður forsjá og lögheimili og sjálfstæður réttur. Þannig eru mörg börn í ríkri umgengni við báða foreldra sína, jafnvel jafnri umgengni, þótt þeir deili ekki forsjá.

Félagið áréttar mikilvægi þess að réttindi sem tengjast frumvarpinu nái til foreldra án forsjár. Flutningsmenn frumvarpsins telja að réttur barna til umönnunar foreldra sé þegar fyrir hendi en þrátt fyrir það átta þeir sig ekki á að rétturinn nær einnig til umgengnisforeldra. Í ljósi þessa væri breytingin, sem félagið leggur til, sérlega vel til þess fallin að styrkja réttarstöðu barna til umgengni við báða foreldra sinna.

F.h. Foreldrajafnréttis,


Hilmar G. Þorsteinsson
lögmaður

Hilmar G. Þorsteinsson lögmaður



Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um frumvarp til laga um barnalög (réttur til umönnunar), 79. mál

13. mars 2023

Landssamtökin Þroskahjálpar vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fötluð börn og fólk með þroskahömlun. Samtökin byggja stefnu sína á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum, sem og á heimsmarkmiðum SP.

Landssamtökin Þroskahjálpar styðja þau sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu og taka undir mikilvægi þess að rétturinn til umönnunar sé sjálfstæður réttur barns fremur en eingöngu réttur foreldra sem ræðst af ráðningarsambandi þeirra við vinnuveitendur. Slík breyting tæki með augljósum hætti ríkari mið af því sem er barni fyrir bestu, líkt og barnasáttmáli SP og samningur SP um réttindi fatlaðs fólks kveða á um. Í 7. gr. samningsins segir: „Í öllum aðgerðum, sem snerta fötluð börn, skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu.“

Sjálfstæður réttur barns til umönnunar vegna veikinda eða slysa væri afar mikilvægur fötluðum börnum, sem glíma við heilsubrest eða veikindi.

Landssamtökin Þroskahjálpar styðja því heils hugar að frumvarpið verði samþykkt.

Samtökin benda einnig á að afar mikilvægt er að í íslensk lög verði sem fyrst tekin skýr ákvæði, sem banna mismunun vegna tengsla (e. discrimination by association), s.s. við fatlaða einstaklinga en mikil hætta er á mismunun af því tagi gagnvart aðstandendum fatlaðra barna almennt og sérstaklega á vinnumarkaði þar sem þeir njóta ekki viðeigandi aðlögunar. Þannig mismunun er algengust gagnvart konum, sem annast umönnun barna og annarra ættingja í mun ríkari mæli en karlar, eins og rannsóknir sýna.

Samtökin lýsa miklum vilja og áhuga til samráðs varðandi það mál sem hér er til umsagnar og vísa í því sambandi til samráðsskyldu stjórnvalda, sem er áréttuð sérstaklega í 3. gr. 4. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks, sem hljóðar svo:

Við þróun og innleiðingu löggjafar og stefnu við innleiðingu samnings þessa og við annað ákvörðunartökufurli varðandi málefni fatlaðs fólks, skulu aðildarríkin hafa náíð samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar á meðal fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.

Landssamtökir

Háaleitisbraut 13 · 108 Reykjavík

Sími 588 9390 · throskahjalp@throskahjalp.is

www.throskahjalp.is

Landssamtökin Þroskahjálpar óska eftir að fá að koma á fund allsherjar- og menntamálanefndar til að gera nefndinni betur grein fyrir áherslum sínum og sjónarmiðum varðandi frumvarpið.

Virðingarfyllt.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar

Anna Lára Steindal, verkefnastjóri í málefnum fatlaðra barna og ungmenna



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. mars 2023.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003 (réttur til umönnunar), þskj. 79, 79. mál

Mannréttindaskrifstofa Íslands styður framangreint frumvarp og tekur undir það er í greinargerð með frumvarpinu segir að með því að mæla fyrir um þennan sjálfstæða rétt barnsins til umönnunar sé gert ráð fyrir að búið verði svo um hnútana á vinnumarkaði að rétturinn verði virtur þannig að hverju og einu barni verði tryggður þessi réttur. Þannig verði ekki lengur litið á þennan rétt sem rétt foreldris eða þess sem fer með forsjána heldur barnsins sjálfs.

Framangreint samræmist mun betur sjónarmiðum samnings Sameinuðu þjóðanna (Sp) um réttindi barnsins og samningi Sp um réttindi fatlaðs fólks, en báðir hafa það sem meginstef að ætíð skuli hafa það að leiðarljósi sem barni er fyrir bestu. Vert að er að minna á að Barnaréttarnefnd Sp hefur sent frá sér viðmið um til hvers beri að líta þegar fram fer mat á því sem barni er fyrir bestu.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2023

Efni: Umsögn ÖBÍ – réttindasamtaka um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003 (réttur til umönnunar), þskj. 79, 79. mál.

ÖBÍ – réttindasamtök (ÖBÍ) taka undir með Mannréttindaskrifstofu Íslands og styðja frumvarp til laga um breytingu á barnalögum nr. 76/2003.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur m.a. fram að kveðið verði sérstaklega á um það í lögum að í forsjárskyldu felist að veikt eða slasað barn eigi rétt á umönnun foreldra sinna. Þannig verður ekki lengur ekki einungis litið á þennan rétt sem rétt forsjáraðila heldur einnig sem rétt barnsins sjálfs.

Munurinn á réttindum barna til umönnunar getur verið umtalsverður sem og möguleikar forsjáraðila til að sinna börnum sínum. Með því að mæla fyrir um þennan sjálfstæða rétt barnsins er gert ráð fyrir að búið verði svo um hnútana á vinnumarkaði að rétturinn verði virtur þannig að hverju og einu barni verði tryggður þessi réttur að jöfnu. Með þessu er réttur barna samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem m.a. leggur þær skyldur á aðildarríkin að tryggja réttindi veikra og slasaðra barna betur tryggður.

Málefni fatlaðra barna jafnt og ófatlaðra barna eru mikilvæg og því fagnar ÖBÍ allri markvissri vinnu sem stuðlar að velferð og velsæld allra barna.

Ekkert um okkur án okkar!

Virðingarfyllst,



Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ – réttindasamtaka



Andrea Valgeirsdóttir
lögfræðingur ÖBÍ- réttindasamtaka